

# Lög Skíðafélags Akureyrar



## 1. gr.

Félagið heitir Skíðafélag Akureyrar, skammstafað SKA. Lögheimili þess og varnarþing er á Akureyri.

## 2. gr.

Tilgangur félagsins er að vinna að eflingu skíðaíþróttarinnar á Akureyri, glæða áhuga almennings fyrir gildi íþróttarinnar og virkja sem flesta til þátttöku í henni.

## 3. gr.

Merki félagsins er mynd af stöfunum SKA í bláum litum á hvítum grunni

## 4. gr.

Félagar geta allir orðið sem lagt hafa fram skriflega inngöngubeiðni, með upplýsingum um fullt nafn, fæðingardag og heimilisfang. Halda skal skrár yfir féлага og stöðu árgjalda. Sé félagi í skuld við félagið með árgjöld sín lengur en í þrjú starfsár fellur nafn hans af félagaskrá og hann telst ekki lengur félagi.

## 5. gr.

Félagar skulu greiða árgjald til félagsins. Skal það ákveðið á aðalfundi ár hvert. Árgjaldið rennur í félagssjóð. Árgjald er innifalið í æfingagjöldum iðkenda.

## 6. gr.

Í félaginu starfa eftirfarandi nefndir:

Sérgreinaneftndir:

1. Alpagreinaneftnd
2. Norrænugreinaneftnd
3. Brettaneftnd

Starfsneftndir:

4. Fjárhagsneftnd
5. Mótaneftnd
6. Andrésar Andarneftnd
7. Barna- og unglínganeftnd
8. Ferðaneftnd
9. Fræðslu- og útbreiðsluneftnd

Sérgreinaneftndir eru kosnar á aðalfundi. Stjórn félagsins skipar starfsneftndir. Neftndir skipta með sér verkum á fyrsta fundi sínum.

## 7. gr.

Aðalfund félagsins skal halda egi síðar en 10. maí ár hvert. Aðalfundur hefur æðsta vald innan félagsins og ákvörðunarrétt í öllum málum þess.

Aðalfund skal auglýsa opinberlega með minnst viku fyrirvara.

Aðalfundur er löglegur ef löglega er til hans boðað.



#### **8. gr.**

Á dagskrá aðalfundar skal taka eftirfarandi málefni:

- 1) Fundarsetning, formaður.
- 2) Kosning fundarstjóra og fundarritara.
- 3) Skýrsla stjórnar.
- 4) Reikningar félagsins lagðir fram til staðfestingar.
- 5) Lagabreytingar.
- 6) Ákvörðun um árgjald
- 7) Kosning formanns, annarra stjórnarmanna og endurskoðenda
- 8) Kosning sérgreinaneftnda.
- 9) Önnur mál.

#### **9. gr.**

Einfaldur meirihluti greiddra atkvæða ræður úrslitum mála á aðalfundi. Þó öðlast lagabreytingar og ákvarðanir um stofnun nýrra nefnda því aðeins gildi að þær hljóti samþykki tveggja þriðju hluta þeirra sem atkvæða greiða, enda taki fullur helmingur þeirra sem á fundi eru þátt í atkvæðagreiðslunni. Kosningar skulu vera skriflegar og leynilegar sé þess óskað. Falli atkvæði jafnt skal kosning endurtekin einu sinni. Verði þá aftur jafnt skal hlutkesti ráða.

#### **10. gr.**

Allir skuldlausir félagsmenn, 18 ára og eldri, hafa atkvæðisrétt, málfrelsi, tillögurétt og kjörgengi til stjórnarstarfa á aðalfundi félagsins.

#### **11. gr.**

Aukaaðalfundi félagsins má halda ef stjórn telur nauðsynlegt eða ef 10 af hundraði atkvæðisbærra félaga óska þess skriflega og tilgreina fundarefni það sem ræða skal. Auka aðalfund skal boða með sama hætti og reglulegan aðalfund. Reglur um aðalfund gilda eftir því sem við á um aukaaðalfund. Þó skulu lagabreytingar, stjórnarkjör og ákvörðun um stofnun nýrra nefnda aðeins fara fram á reglulegum aðalfund.

#### **12. gr.**

Stjórn félagsins skal skipuð 7 mönnum, formanni, varaformanni, gjaldkera, ritara og 3 meðstjórnendum. Formaður skal kosinn sérstaklega en að öðru leyti skiptir stjórnin sjálf með sér verkum. Kjörtímabil stjórnarformanns er milli aðalfunda. Kjörtímabil annarra stjórnarmanna er tvö ár þó þannig að aldrei skal nema helmingur stjórnarmanna ganga úr stjórninni samtímis. Á aðalfundi skal einnig kjósa tvo endurskoðendur reikninga félagsins.

#### **13. gr.**

Stjórnarfundir skal halda reglulega og eigi sjaldnar en hálfsmánaðarlega yfir vetrartímann og oftar ef þurfa þykir, þar með talið ef stjórnarmaður óskar þess. Formaður boðar til stjórnarfunda. Stjórnarfundir eru löglegir er meirihluti stjórnar er mættur. Einfaldur meirihluti ræður úrslitum mála á stjórnarfundum. Falli atkvæði jafnt, ræður atkvæði formanns.

#### **14. gr.**

Stjórn félagsins fer með æðsta vald í málefnum þess milli aðalfunda. Stjórn félagsins skal vinna að því að efla félagið á allan hátt og gæta hagsmuna þess útávið. Hún skal einnig samræma starfsemi félagsins innávið og hafa eftirlit með starfsemi nefnda félagsins. Stjórnin hefur umráðarétt yfir



eignum félagsins og markar stefnu þess í öllum veigamiklum málum. Hún skal þó jafnan hafa samráð við nefndir félagsins um þau mál sem varða þær sérstaklega.

**15. gr.**

Stjórn félagsins veitir, að höfðu samráði við nefndir félagsins, viðurkenningar fyrir íþróttaárangur eða störf í þágu félagsins, samkvæmt reglum sem samþykktar skulu á aðalfundi þess.

**16. gr.**

**Sérgreinanefndir** félagsins skulu kosnar á aðalfundi félagsins. Stjórn félagsins ákveður verkaskiptingu milli einstakra nefnda. Nefndarmenn skulu skipta með sér verkum. Nefndir skulu skila skýrslum um starfsemi sína til stjórnar félagsins. Nefndir skulu koma saman eins oft og þurfa þykir. Formaður nefndar boðar til fundar. Formenn nefnda eiga rétt til setu á stjórnarfundum með málfrelsi og tillögurétt.

**17. gr.**

Stjórn getur boðað til fundar með einstökum nefndum eftir því sem þurfa þykir. Stjórn getur breytt ákvörðunum nefnda ef hún telur ástæðu til. Nefnd er óheimilt að stofna til skuldbindinga nema með heimild frá stjórn félagsins.

**18. gr.**

Reikningsár félagsins er almanaksárið. Gera skal fjárhagsáætlun fyrir hvert starfsár þar sem gera skal grein fyrir áætlun um tekjuöflun félagsins og áætluðum rekstrargjöldum.

**19. gr.**

Allar eignir félagsins skulu vera í yfirumsjón stjórnar félagsins. Stjórn félagsins skal varðveita skjöl félagsins og aðra muni, s.s. verðlaunagripi, gjafir o.s.frv.

**20. gr.**

Úrsögn úr félaginu skal vera skrifleg og berast til stjórnar.

**21. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi. Ákvæði til bráðabirgða þegar fyrsta stjórn félagsins er kosin skal kjósa fimm stjórnarmenn til eins árs en fimm til tveggja ára á næsta aðalfundi gildir síðan regla 12. gr.

Samþykkt á stofnfundi félagsins á Akureyri 25. nóvember árið 2000

*Með breytingu samþykkt 22. maí 2001, 29. nóvember 2003, 18. nóvember 200, og 28. september 2009.*